

Nd.

555. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild fyrir landssjóð, til að kaupa hlutabréf í Íslands banka, og til að gefa út landssjóðsskuldabréf.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson Eyf., Jón Sigurðsson, Björn Þorláksson.

6. gr. frumvarpsins orðist svo:

Til þess að fara með atkvæði landssjóðs, sem hlutabréfaeiganda, á aðal-fundum Íslands banka, kys sameinað alþingi fjóra menn, og skulu þeir hver um sig hafa atkvæði fyrir $\frac{1}{2}$ milljón hlutafjár.

Menn þessir skulu kosnir hlutfallskosningu fyrir 4 ár í senn, og fær hver þeirra 250 kr. þóknun á ári hverju fyrir starfa sinn.

Deyji einhver hinna kjörnu fulltrúa, kjósa hinir mann í hans stað, unz alþingi skipar mann í hið auða sæti.